

misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum hennar, getur m.a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 frá 29.maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 259 1. júlí 1985.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. mars 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum afurða alifugla og svína hluta sérstaks fóðurgjalds, sem innheimt er skv. 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 129 31. mars 1987. Endurgreiðslan skal miðast við að 75/80 hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi endurgreiðist að hluta eða að öllu leyti. Af hinu álagða sérstaka fóðurgjaldi renna sem næst 5/80 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skv. reglugerð þessari skal gilda vegna fóðurkaupa fyrir framleiðslu afurða alifugla og svína frá og með 1. janúar 1987.

3. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi, annað hvort með milligöngu fóðursala eða af endurgreiðslureikningnum. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast að hluta þær endurgreiðslur, sem fóðursölum eru heimilar skv. ákvæðum reglugerðarinnar, og annast hinn hlutann sjálfur, heldur skal hann velja aðra hvora leiðina. Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd endurgreiðslna til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið að fóðursali annast endurgreiðsluna, og gefur hann þá viðkomandi fóðursala (fóðursölum) umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en Framleiðsluráð staðfestir endurgreiðslur samkvæmt framlögðum gögnum frá fóðursölum, skal umboð fóðursalans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda liggja fyrir. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.

5. gr.

Til að framleiðandi afurða alifugla og svína öðlist rétt til endurgreiðslu á fóðurgjaldi, er honum skylt að leggja fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins framleiðsluskýrslur, sem hann ábyrgist með undirritun að séu réttar, eða vottorð um bústofn, sé hann að hefja framleiðslu.

Á skýrslum skal koma fram nafn, nafnnúmer og heimilisfang framleiðanda og magn hvernar afurðar.

Til þess að framleiðandi haldi rétti til að fá endurgreitt sérstakt fóðurgjald skv. 4. gr., skal hann reglulega skila skýrslum, þannig:

A. Mánaðarleg skil komi frá:

1. Framleiðendum á afurðum svína.
2. Framleiðendum eggja, sem hafa 200 varphænur eða fleiri.
3. Framleiðendum á alifuglakjöti.

B. Skil á þriggja mánaða fresti komi frá framleiðendum eggja með 50—200 varphænur.

C. Skil einu sinni á ári komi frá framleiðendum eggja, sem hafa innan við 50 varphænur.

Skilafrestur er þrjár vikur frá lokum hvers tímabils.

Framleiðsluráð landbúnaðarins útbýr skýrsluform og sendir viðkomandi aðila, eftir forðagæsluskýrslum eða vottorðum um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi.

6. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal miðuð við framleiðslumagn og fer fram í tveimur áföngum á eftirfarandi hátt:

A. Við fóðurkaup er fóðursala heimilt að endurgreiða 50/80 hluta hins sérstaka fóðurgjalds eins og það er fullreiknað, þ.e. nú 80% af tollverði. Endurgreiðslan reiknast af hverri fóðurtegund fyrir sig skv. 8. gr.

B. Framleiðsluráð landbúnaðarins greiðir ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti eftirstöðvar gjaldsins samkvæmt framlögðum skýrslum um framleiðslumagn, og er það lokagreiðsla, þannig að endurgreiðsla eftir framleiðslumagni, er nemur 75/80 hlutum af fullu fóðurgjaldi, verði náð.

Hlutfallstölur um endurgreiðslur skv. því, sem að ofan greinir, geta tekið breytingum skv. 10. gr.

7. gr.

Við sölu á fóðri til framleiðslu á afurðum alifugla og svína er fóðursölum heimilt að endurgreiða 50/80 hluta hins sérstaka fóðurgjalds, að fenginni staðfestingu Framleiðsluráðs landbúnaðarins á endurgreiðslurétti hvers einstaks framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins veitir aðilum því aðeins rétt til endurgreiðslu, að þeir hafi lagt fram tilskilin gögn, sbr. 5. gr.

8. gr.

Fóðursalar skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins mánaðarlega skilagrein um endurgreidd fóðurgjöld. Þar komi fram nafn, nafnnúmer og heimilisfang fóðurkaupanda, tegund og magn fóðurs og endurgreiðslur til fóðurkaupandans. Jafnframt skal fóðursalinn láta fylgja upplýsingar um innkaup og birgðir, svo og framleiðslu fóðurs, ef um hana er að ræða, nákvæmar upplýsingar um verð fóðurtegunda og hver sé hluti hins sérstaka fóðurgjalds í fóðurverðinu. Einnig skal koma fram, hver er hinn endurgreiðsluhæfi hluti í sama fóðri, þ.e. sá hluti gjaldsins sem fóðursalanum er heimilt að endurgreiða.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal fara með allar upplýsingar er varða einkahagi einstaklinga og fyrirtækja sem trúnaðarmál

Framleiðsluráði landbúnaðarins er óheimilt að taka gilda beiðni um endurgreiðslur frá fóðursölum, nema umrædd skilagrein fylgi.

Óski framleiðandi eftir endurgreiðslu 50/80 hluta fóðurgjalds án milligöngu fóðursala, skal hann leggja fyrir Framleiðsluráð sömu gögn og fóðursala er skylt, fyrir utan skýrslur um birgðahald og framleiðslu.

Véfengi Framleiðsluráð landbúnaðarins upplýsingar fóðursala um endurgreiðanleg fóðurgjöld, skal leita álits verðlagsyfirvalda um, hvort verðútreikningar séu réttir.

9. gr.

Seinni hluti greiðslu á hinu sérstaka fóðurgjaldi, þ.e. sem svarar til 25/80 hluta af fullu gjaldi, sbr. 6. gr., skal reiknaður eftir framleiddum afurðum alifugla og svína, þannig að ekki fari fram endurgreiðsla vegna meira magns kjarnfóðurs til ársframleiðslu afurða en sem nemur að meðaltali að hámarki:

Fyrir hvert kg svínakjöts	5,5 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	4,9 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklinga- og kalkúnakjöts	4,1 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	4,1 kg fóðurs

Þó skal aldrei endurgreiða vegna meira magns kjarnfóðurs skv. þessum útreikningi en viðkomandi aðili hefur sannanlega keypt.

Framleiðsluráð reiknar á þriggja mánaða fresti, út frá afurðaskýrslum, magn fóðurs er fer til framleiðslu hvernar afurðar á einingu og gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingu á þeim stuðlum sem að ofan seinir, ef þurfa þykir.

Engar endurgreiðslur verða fyrir kjöt af varpfuglum.

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga, lagt í útungunarvél, reiknist 11,5 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja, til eldis varpfugla, reiknist 7,5 kg fóðurs á kg eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein skulu á 6 mánaða fresti skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðendum eggja með færri en 50 varphænur skal áætluð endurgreiðsla m.v. 12 kg framleiðslu eggja á hverja hænu á ári.

Framleiðsluráði er heimilt að endurgreiða umfram það sem útreikningur skv. 1. mgr. þessarar greinar leiðir til, í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé um nýbýlinga að ræða, sem vegna bústofnsauka kaupa fóður umfram það sem eðlilegt er skv. afurðum á tímabilinu.
2. Vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóms eða óhapps, sem leiðir til þess að notkun fóðurs er verulega umfram afurðir.

Fari fóðurnotkun á framleidda afurðareiningu, sem um ræðir, að meðaltali fram úr því sem reiknast skv. þeim stuðlum, sem koma fram í þessari gr., skal Framleiðsluráð gera á því sérstaka athugun og er því heimilt að stöðva allar endurgreiðslur vegna þeirrar afurðar á meðan sú könnun fer fram.

Framleiðsluráð reiknar endurgreiðslu skv. tölulíð 1 og 2 af framlögðum gögnum, sem það telur nauðsynleg.

10. gr.

Við ákvörðun endurgreiðslu á 25/80 hlutum hins sérstaka fóðurgjalds til hvers framleiðanda, skal reikna fyrir afurðir svína og afurðir alifugla meðaltal sérstaks fóðurgjalds á kg í fóðri hjá hverjum framleiðanda, skv. þeim skýrslum sem borist hafa til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.

Hverjum framleiðanda greiðist fjárhæð, sem er margfeldi af áætlaðri fóðurnotkun hans, sbr. 9. gr., og 25/80 hlutum hins reiknaða meðaltals af sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 1. mgr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þessa útreikninga.

Heimilt er að inna af hendi greiðslur til framleiðenda á 25/80 hlutum hins sérstaka fóðurgjalds, með skuldajöfnunarávísun endurgreiðslureiknings, gangi endurgreiðslur hraðar

en innborganir af skuldaviðurkenningum. Skuldajöfnunarávísun notist til fóðurkaupa eða er innleysanleg hjá endurgreiðslureikningi að liðnum fjórum mánuðum frá útgáfudegi.

Nú liggur fyrir samstaða í búgreinafélagi, sem nær til allra framleiðenda, um að hluti hins sérstaka fóðurgjalds renni til sameiginlegra verkefna í þágu búgreinarinnar, og er Framleiðsluráði þá heimilt að greiða til þess þann hluta gjaldsins í stað þess að greiða það hverjum framleiðanda. Til ráðstöfunar á þennan hátt mega vera 25/80 til 50/80 hlutar hins sérstaka fóðurgjalds.

Viðkomandi búgreinafélag skal leita heimildar landbúnaðarráðherra fyrir því hlutfalli, sem skal ráðstafa hverju sinni á þennan hátt, og þá greint frá þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru. Eru endurgreiðslur skv. þessari málsgrein því aðeins heimilar, að sú heimild hafi verið veitt.

Endurgreiðslur skv. 6. gr. taka breytingum eftir því sem ákveðið kann að verða skv. þessari grein.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. 1. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. apríl 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiða skal framleiðendum alifugla og svína 75/80 hluta af sérstöku fóðurgjaldi af því fóðri sem þeir hafa keypt á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 1987. Endurgreiðslan skal fara fram samkvæmt þeim reglum sem settar eru með þessari reglugerð, eftir því sem við á. 15/80 hluta gjalds af því fóðri, sem keypt var á áður nefndu tímabili, skal endurgreiða með hliðsjón af ákvæðum 9. gr. Við þetta uppgjör reiknar Framleiðsluráð landbúnaðarins meðalnotkun fóðurs á framleiddar afurðir skv. ákvæðum 9. gr. hjá hverjum framleiðanda, og skulu endurgreiðslur fyrir allt tímabilið nema margfeldi af henni og meðaltali 15/80 hluta sérstaks fóðurgjalds fyrir hvert tímabil.

Heimilt er að láta ákvæði 10. gr. koma til framkvæmda á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 1987. Þó má eigi ráðstafa á þennan hátt meiru en 15/80 hlutum hins sérstaka fóðurgjalds.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. mars 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Patrekshrepps.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Patrekshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 25. febrúar 1987, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, staðfest þá breyting á aðalskipulagi Patrekshrepps að áður ráðgert grænt svæði og íbúðabyggð á reit A við Mikladagsveg verður iðnaðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.